

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2015

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2015 voru 861 í dagskóla en að auki tóku 68 grunnskólanemendur áfanga í vali, einn áfanga á einu ári. Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Aðsókn að haustönninni var heldur minni meðal eldri nemenda en áður og réði bætt atvinnuástand líklega mestu þar um. Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemum í árgangi fækkaði og mun þeim fækka eitthvað næstu árin. Þó ber að hafa í huga að mikil fjölgun er á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið og getur það haft áhrif þannig að það verði ekki fækkun í árgöngum.

Fjöldi á önn má sjá á meðfylgjandi töflu:

	vor 2015	haust 2015
Dagskólanemendur	861	981
Fjarnámsnemendur	1	1
Grunnskólanemendur	68	109
Alls	930	1091

Athygli vakti að fjöldi drengja og stúlkna meðal nýnema var sá sami en drengir hafa til þessa verið fjölmennari. Drengir voru nokkuð fjölmennari en stúlkur í heildina en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni. Rétt um helmingur nemenda var á stúdentsbrautum og stúlkur í miklum meirihluta þar, síðan komu starfsnáms- og verknámsbrautir en strákar voru þar í meirihluta. Í meðfylgjandi töflu má sjá þessa skiptingu:

Skipting nemenda á námsbrautir dagskóla haust 2015 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2015		2015	
	kk	kvk	kk	kvk
<i>Almennar brautir</i>	52	34	10%	8%
<i>Starfsbraut</i>	23	20	4%	4%
<i>Starfsnám</i>	105	74	20%	16%
<i>Stutt starfsnám</i>	43	34	8%	8%
<i>Stúdentsbrautir</i>	201	275	38%	61%

Verknám	107	13	20%	3%
	531	450	100%	100%
10. bekkur	62	47		

Flestir nemendur komu hédan af svæðinu eða rúmlega 96% og flestir úr Reykjanesbæ eða rétt um 71%. Aldursdreifingu nemenda fyrir haustönn 2015 má sjá á meðfylgjandi töflu.

Búsetudreifing

Heimili	Hlutfall	Aldursdreifing	
Garður	6,9%	eldri	5,5%
Grindavík	11,2%	1992	1,3%
Reykjanesbær	71,0%	1993	1,9%
Sandgerði	5,5%	1994	3,7%
Vogar	1,9%	1995	7,0%
Annarsstaðar frá	3,4%	1996	14,7%
		1997	19,1%
		1998	20,6%
		1999	26,1%

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans

<http://www.fss.is/namid/brautir/> . Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skipting nemenda á brautir á haustönn 2015

Almenn braut	9,3%
Framhaldsskólabraut stutt starfsnám	8,9%
Listnámsbraut	5,7%
Íþróttabraut (01)	4,9%
Sjúkraliðabraut-03	2,8%
Starfsbraut	4,9%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagr.	1,7%
Grunndeild málm- og véltæknigreina	3,5%
Grunndeild rafiðna	3,9%
Hársnyrtiðn - fyrsti hluti	1,0%
Tölvufræðibraut	6,5%

Vélstjórnarnám A	1,0%
Vélstjórnarbraut B	0,7%
Húsasmíðabraut	1,1%
RK8 06	0,4%
Félagsfræði- og félagsvísindabraut	18,9%
Fjölgreinabraut	4,5%
Málabraut	2,3%
Náttúrufræði- og raunvísindabraut	17,9%
Viðskipta- og hagfræðibraut	7,9%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1,5%

Búið að setja upp þrjár

stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Þær taka mið af ákvæðum nýrrar námskrár og nýnemar sem voru innritaðir á stúdentsbrautir á haustönn 2015 hófu nám á þeim. Þessar brautir eru félagsvísindabraut, fjölgreinabraut og raunvísindabraut. Þær eru 200 f-einingar og eru skipulagðar þannig að nemendur eiga að geta lokið þeim á þremur árum. Samhliða voru settar upp nokkrar línur sem eru til leiðbeiningar fyrir nemendur eftir því hvert þeir stefna. Jafnframt var áfram unnið að því að skipuleggja fleiri brautir og setja inn í grunninn. Starfsbraut skólans er komin í grunninn og er samþykkt af ráðuneytinu. Vinna við starfsnámsbrautirnar hefur haldið áfram sem og vinna við verknámsbrautir.

Markmiðið með starfsnámsbrautunum (framhaldsskólabrautunum) er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði. Næstu tvö til þrjú árin verða gömlu brautirnar líka í boði fyrir þá sem voru innritaðir á þær og vilja ljúka námi af þeim.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsuefandi framhaldsskóli* í samvinnu við Landlæknisembættið. Þetta fór vel af stað en heldur hefur fjarað undan þessu verkefni því miður.

Unnið var að grunndeild matvæla- og ferðagreina í samstarfi við MK, FSu og VMA. Þeirri vinnu var lokið á árinu og var brautin send í samþykktarferli en því er ekki lokið. Stefnan er að bjóða uppá nám í grunndeild matvæla- og ferðagreina jafnvel á haustönn 2017 ef áhugi verður fyrir því.

Fleiri verkefni voru í gangi á árinu. Þar má telja vinaverkefnið sem nýtur styrks frá velferðaráðuneytinu. Það verkefni gengur út á að halda utanum og aðstoða nemendur sem eru félagslega einangraðir og eiga ekki vini. Stofnaður var hópur sem kynntist og gerði margt skemmtilegt saman, fór í bíó, á kaffihús o.fl. Þetta gekk mjög vel og var mikil ánægja með verkefnið hjá þátttakendum.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/mat/>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Í síðasta skólasamningi var sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum

kennslumatið. Niðurstöður þriggja anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið ofantalinnar viðmiðunarþátta náðust að mestu en það vekur áhyggjur að við náum ekki viðmiðum varðandi líðanina. Það getur tengst því að kvíði virðist vera að aukast meðal nemenda og því ærin ástæða til að bregðast við því. Því var rætt í lok haustannar að freista þess að auka þjónustu við nemendur á komandi ári með aukinni námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu.

	Haust 2014	Vor 2015	Haust 2015	viðmið
Kennslumat almennt	4,15	4,25	4,17	4
Hvatningin	3,86	3,95	3,95	3,8
Hrósið	3,98	4,05	4,02	3,8
Líðan	4,28	4,42	4,22	4,25
Brotthvarf	10,8%	10,3%	9,1%	10%
Hættu á önninni	52 (5,5%)	31 (3,3%)	62 (6,3%)	

Brotthvarfið hefur því miður verið of mikið undanfarnar annir og verið að sveiflast á bilinu frá 7,5% upp í 11% sem er of hátt. Þar er miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hér að ofan. Þeir sem hættu á önninni er taldir í næstu línu fyrir neðan.

Niðurstaðan varðandi brotthvarfið eru svipuð og verið hefur og ljóst að áfram þarf að skoða þau mál, það jákvæða er að þau stefna í rétta átt. Markmiðið var að draga úr brotthvarfi um 1-1,5 prósentustig yfir tveggja ára tímabil og segja má að það sé að takast ef horft er til þeirrar lækkunar sem verður milli haustannar 2014 og haustannar 2015. Það er allt of mikið að 62 nemendur sem voru skráðir til náms ákveði síðan að hætta á önninni og ljúka því ekki. Ástæðurnar eru margar og þær koma meðal annars fram í brotthvarfsskýrslu sem skilað er inn í lok hvers árs. Þarna er mögulega bætt atvinnuástand á svæðinu að spila inni.

Skólinn hefur undanfarin ár verið þátttakandi í skimunarverkefninu sem Stella Blöndal hefur séð um og mun verða það áfram. Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brotthvarfshættu en það eru nemendur á almennum brautum, fornámi, og starfsbraut. Námsframboð hefur verið aukið með fjölgun á starfsnámsbrautum (framhaldsskólabrautum), námsráðgjöf verið aukin og kennsluháttum breytt. Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og því er of snemmt að afskrifa þetta strax.

3. Útskrift

Það voru 76+53 eða 129 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2015, 67 karlar og 62 konur, auk þess voru nemendur á almennri braut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir og ásamt meðal námslengd var eins og taflan sýnir.

Fjöldi og meðalnámslengd í önnum til lokaprófs.

Vor 2015

Námsbraut	fj. Nemenda	Meðal-annafj.
FÉ99	22	9,9
MB99	1	10
NÁ99	15	8,1
VH	5	8,6
Viðbótarnám	7	8
Sjúkraliðar	6	9,8
Listnámsbraut	4	8,3
Tölvufræðibraut	1	8
Íþróttabraut	1	17
Tölvuþjónustubrau	2	16
Grunnd. raf	2	12
Rafmagn	3	12
Grunnd. mál og vél	4	7,8
VVA	5	9,2
GBM	7	6,7
Húsasmíði	1	1
Starfsbraut	9	8

Haust 2015

Námsbraut	fj. Nemenda	Meðal-annafj.
FÉ99	16	9,4
MB99	2	8,5
NÁ99	13	7,7
VH	9	9,2
Viðbótarnám	4	6,75
Listnámsbraut	2	7
Tölvuþjónustubr	1	7
Framhaldsskbraut	1	8
Rafmagn	5	10,6
VVA	1	9
VVB	1	5
Starfsbraut	1	7

Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut. Rétt er að taka fram að nokkrir nemendur tóku sér lengri tíma til að klára námið en aðrir og því er meðalnámstíminn hærri og gefur ef til vill ekki rétta mynd.

4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 94 á vorönn, þar af 74 kennarar, 5 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 96, þar af 74 kennarar, 6 stundakennara en aðrir starfsmenn voru 16. Ræsting og mótuneyti eru boðin út.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var herra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans

<http://www.fss.is/skolinn/skipurit/> .

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti í kennarahópnum miðað við haustönn 2015.

Haustönn 2015

Meðalaldur kennara	50,4 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	49,2 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	13,3 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	18,2 ár
Viðbótarorlof samtals	1500 klst.
Aldurafsláttur samtals	2755 klst.
Fjöldi kenndra tíma á önn	33879,1 klst.
Fjöldi kenndra tíma á viku	1882,2 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	644,3 klst.

5. Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun og á haustönn var keyptur búnaður í nýja tölvustofu.

Við höfum verið mjög lánsöm og notið velvildar stofnana og fyrirtækja sem hafa styrkt okkur og má þar nefna gjafir til starfsbrautar til kaupa á spjaldtölvum og síðan gaf Kalka, sem er Sorpeyðingarfélag Suðurnesja, okkur eina milljón til tækjakaupa í raungreinum sem kom sér mjög vel.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Sótt hefur verið saman um þróunarstyrki og vinna skólarnir saman að innleiðingu nýrrar námskrár eins og kostur er. Stjórnendur þessara skóla hittast reglulega og bera saman bækur sínar. Einnig hefur verið gott samstarf við Flensborgarskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ og stjórnendur þessara skóla hist reglulega.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í kjarnagreinum, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert.

Skólameistari tók jafnframt þátt í vinnu við gerð nýrrar menntastefnu fyrir Reykjanesbæ með það að markmiði að tengja betur saman öll skólastigin á svæðinu.

Fundað var með stjórnendum og námsráðgjöfum grunnskólanna til að kynna þær breytingar sem fyrirhugaðar voru í sambandi við námskrár en á haustönn 2015 var innritað í fyrsta skiptið á nýjar þriggja ára stúdentsbrautir eins og áður er nefnt. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

Undanfarin ár hafa nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starfi Evrópuþingsins þó þátttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk. Á haustönninni fóru þrír nemendur til Osló og tóku þátt í þingstarfi þar.

7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>.

Ný stjórn var kosin í foreldrafélagi skólans (<http://www.fss.is/skolinn/foreldrafelag/>) á kynningarfundum fyrir foreldra nýnema á haustönn 2015.

Ný heimasíða skólans var tekin í notkun um áramótin en unnið var að lagfæringum á henni eftir því sem þurfti út árið.

Nýnemar voru innritaðir á nýjar stúdentsbrautir samkvæmt nýrri námskrá á haustönn 2015 en áfram var unnið að útfærslu stuttra starfsnámsbrauta og verknámsbrauta. Vinnu við starfsbraut var lokið og hún samþykkt og sjúkraliðabrautin var komin í samþykktarferli.

Kynningarfundur var haldinn með nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra eitt síðdegið hér í skólanum. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann.

Viðauki 1.

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS		2015	2014	2013	2012
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	500.605.189	405.403.146	398.144.800	399.055.179	
Vaktaálag	0	0	0	47.482	
Aukagreiðslur	8.011.856	8.914.798	1.766.039	2.543.779	
Yfirvinna	161.080.376	120.878.399	104.234.678	114.464.771	
Launatengd gjöld	160.469.173	127.867.528	119.883.376	122.477.798	
Samtals	830.166.594	663.063.871	624.028.893	638.589.009	
Fundir, námskeið og risna	2.117.431	2.606.772	3.155.584	3.257.576	
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	137.600	307.870	1.212.700	211.600	
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	971.330	453.650	5.767.260	3.993.901	
Akstur	2.983.452	2.926.716	3.221.618	3.495.954	
Samtals	6.209.813	6.295.008	13.357.162	10.959.031	
Tímarit, blöð og bækur	770.794	1.018.601	779.756	1.017.259	
Skrifstofuvörur og áhöld	6.825.825	6.635.551	5.342.295	6.299.192	
Aðrar vörur	26.590.266	20.662.876	17.393.085	19.786.033	
Samtals	34.186.885	28.317.028	23.515.136	27.102.484	
Önnur sérfræðiþjónusta	9.063.284	7.349.430	9.175.441	10.050.862	
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	2.437.753	2.410.187	2.001.307	1.988.065	
Prentun,póstur, augl., flutningar	1.757.605	1.932.338	2.310.242	1.747.025	
Sími og ýmis leigugjöld	3.879.730	3.475.278	4.608.046	4.185.532	
Samtals	17.138.372	15.167.233	18.095.036	17.971.484	
Verkkaup og byggingavörur	841.361	2.412.128	512.226	1.690.024	
Rafmagn og heitt vatn	15.448.760	12.558.033	13.510.631	12.252.728	
Húsaleiga og aðk. ræsting	102.992.748	101.017.094	96.558.047	94.335.228	
Samtals	119.282.869	115.987.255	110.580.904	108.277.980	
Brennsluefni og olíur	83.468	16.199	16.053	44.533	
Verkstæði og varahlutir	158.504	117.023	278.044	302.507	
Samtals	241.972	133.222	294.097	347.040	
Vextir, bætur, skattar	362.019	398.598	585.164	448.061	
Eignakaup	23.315.697	29.164.259	5.412.630	7.385.965	
Tilfærslur	574.600	920.000	231.013	341.000	
Samtals	24.252.316	30.482.857	6.228.807	8.175.026	
Rekstrargjöld samtals	1.031.478.821	859.446.474	796.100.035	811.422.054	
Sértekjur	-27.259.805	-27.761.445	-34.950.680	-30.329.771	
Samtals	-27.259.805	-27.761.445	-34.950.680	-30.329.771	
Aðrar rekstrartekjur	-12.687.000	-13.017.745	-13.173.348	-13.504.500	
Samtals	-12.687.000	-13.017.745	-13.173.348	-13.504.500	
Framlag ríkissjóðs	-1.007.627.220	-793.169.652	-768.951.972	-732.975.495	
Samtals	-1.007.627.220	-793.169.652	-768.951.972	-732.975.495	
Tekjur og framlag ríkissjóðs samtals	-1.047.574.025	-833.948.842	-817.076.000	-776.809.766	
Tap/hagnaður samtals	-16.095.204	25.497.632	-20.975.965	34.612.288	